



Stjórn KSÍ

Reykjavík, 10. febrúar 2023

Efni: Umsögn stjórnar KSÍ vegna þingsályktunartillögu um að skipaður verði starfshópur sem kanni þann möguleika á að ÍTF taki yfir framkvæmd leyfiskerfis KSÍ (þingskjal 15).

Stjórn KSÍ leggst gegn þingsályktunartillögu á þingskjali nr. 15. KSÍ hefur frá árinu 2003 farið með framkvæmd leyfiskerfisins og hefur því aflað sér haldbærrar og dýrmætrar reynslu við umsjón þess. Verkferlar eru í föstum skorðum og þjónusta til aðildarfélaga mikil. Leyfiskerfi hefur frá árinu 2003 vaxið mikið í umfangi m.a. vegna aukinna krafna sem gerðar hafa verið til KSÍ við framkvæmd þess. Leyfisferlið og meðferð leyfisumsókna hjá skrifstofu KSÍ og leyfisráði KSÍ sætir endurskoðun á hverju ári frá alþjóðlegu gæðavottunarfyrirtæki SGS. SGS sérhæfir sig í gæðavottun vinnuferla en um leyfisferli UEFA gilda mjög strangar reglur í samræmi við gæðastaðal og er skoðunin framkvæmd af fulltrúum SGS og UEFA. KSÍ hefur staðist slíka endurskoðun frá því leyfiskerfi var fyrst innleitt hér á landi.

Einnig er það mat stjórnar KSÍ að tillaga á þingskjali 15 fari ekki saman við þá þróun sem lagt var af stað með nýlega um framþróun leyfiskerfis KSÍ, m.a. með ráðningu nýs leyfisstjóra.

Lögð hefur verið áhersla á að kortleggja þarfir aðildarfélaga á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu og kanna hvar rými eru til bóta og hvaða markmið íslensk knattspyrna vill setja sér. Stígin hafa verið framfaraskref með tölfraeðiúrvinnslu leyfisgagna og mun slík úrvinnsla nýtast sem mælikvarði fyrir aðildarfélög innan leyfiskerfisins. Þá er það vilji stjórnar KSÍ að stígin verði skref til framþróunar með því að útvíkka leyfiskerfið enn frekar, t.d. þannig að það nýtist barna- og unglíngastarfi og afreksstarfi félaga. Þá geti kerfið nýst félögum neðri deilda. Nýta eigi leyfiskerfið sem verkfæri fyrir KSÍ til að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu, en samkvæmt grein 2.1. laga KSÍ er það á meðal meginhlutverka KSÍ.

Það er álit stjórnar KSÍ að leyfiskerfi KSÍ eigi áfram að vera framkvæmt af KSÍ.

Stjórn KSÍ